

*Tollflokkun drifása og leghúsa

Úrskurður 3/2000

Í máli þessu er deilt um tollflokkun á leghúsum og drifásum. Innflytjandi hafði flokkað vöruna undir sama tollnúmer um árabíl. Tollstjóri taldi að um varahluti til bifreiða væri að ræða og breytti tollflokkuninni. Ríkistollanefnd staðfesti ákvörðun tollstjóra.

Lög nr. 55/1987, 12. gr., 32. gr., 99. gr., 100. gr., 101. gr. og 142. gr. Lög nr. 37/1993 11. gr. Lög nr. 62/1994

Kærandi B fyrir hönd J ehf. sendi ríkistollanefnd kæru ásamt bráðabirgðagögnum þann 27. mars 2000. Fullnaðargögn bárust nefndinni þann 10. apríl 2000 þar sem kærður er úrskurður tollstjóra á leghúsum og drifásum. Kærandi hefur flutt inn vöru þessa í tnr. 8483.9000 og 8483.3000. Tollstjóri úrskurðar að nefndar vörur beri að tollflokka í tnr. 8708.9900. Í hinum kærða úrskurði er fjallað um tollflokkun vara í eftirtöldum sendingum:

F 782 15 10 9 US JFK W614, F 614 29 09 9 US JFK W913, F 614 02 10 9 US JFK W043, D 779 19 09 9 US NYC W542, F 614 18 09 9 US JFK W150, F 614 18 09 9 US JFK W424 og F 652 09 09 9 US MPS W099.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir að tollflokkun umræddrar vöru í tnr. 8708.9900, en ekki í tnr. 8483.9000 og 8483.3000 byggji á orðalagi athugasemda við XVI. flokk tollskrár, 1. tl. 1-lið, þar sem segi að undir flokk XVI. falli ekki vörur í flokki XVII., en í þeim flokki séu m.a. ökutæki og hlutar og fylgihlutar til þeirra. Enn fremur styðst flokkun þessi við orðalag 3. tl. athugasemda við XVII. flokk, þar sem segi að sem hlutar eða fylgihlutar í 86.-88. kafla teljist ekki hlutar eða fylgihlutar sem ekki eru eingöngu eða aðallega hæfir til nota með vörum í þeim köflum. Með gagnályktun frá síðastnefndum athugasemdum við tollskrá verði að telja að vörur þessar falli undir XVII. flokk tollskrár, enda verði að ætla að vörur þær sem um ræðir í þessu tilviki, þ.e. drifásar og leghús, séu eingöngu eða aðallega hæfar til nota með vörum í 87. kafla, þ.e. ökutækjum. Í 1. tl. almennra reglna um túlkun tollskrárinnar, sem hefur lagagildi skv. 1. mgr. 4. gr. tollalaga nr. 55/1987, segir að í lagalegu tilliti skuli tollflokkun m.a. byggð á orðalagi athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla.

Tollstjóri fellst ekki á röksemdir kæranda um mismunandi tollaframkvæmd enda eru þær ekki studdar neinum gögnum.

Tollstjóri úrskurðar í máli þessu samkvæmt 3. mgr. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum að nefndar vörur skuli tollflokka í tnr. 8708.9900.

Í kröfugerð kæranda kemur m.a. fram að fyrirtækið J ehf. sérhæfi sig í breytingum á jeppabifreiðum en sinni jafnframt öðrum tilfallandi verkefnum þegar leitað er til hennar. Aðföng eru keypt til starfseminnar innan lands en jafnframt eru flutt inn ýmis aðföng til að losna við heildsölukostnað. Fyrirtækið hefur flutt inn í rúm 10 ár ýmsa varahluti, s.s. drifása, hjöruliðskrossa, drifsköft og leghús, til notkunar í bifreiðar, sportbáta, traktora, lyftara, snjóblásara o.fl. án teljandi vandræða hingað til og í góðu samráði við tolyfirvöld. Því hafi það komið verulega á óvart er tollafgreiða átti vörur í tollnúmeri sem kærandi telur að lýsi viðkomandi vöru best, að búið var að breyta tollflokkun einstakra vara í samræmi við tilkynningu frá tollgæslunni. Hinar umþrættu vörur eru leghús, sem kærandi flokkaði undir tnr. 8483.9000, og ástengsl, sem flokkað var í tnr. 8483.3000. Tollyfirvöld vísuðu til þess að athugasemd hefði borist frá ríkistollstjóraembættinu um að varan ætti að tollflokka í tnr. 8708.9900. Kærandi hefur síðan sent inn nýjar tollskýrslur vegna innflutnings aðfanga og ávallt gert fyrirvara um réttmæti tollflokunar.

Að mati kæranda byggir túlkun ríkistollstjóra á tollskrá á ólögætum sjónarmiðum. Tollskrá hafi lagagildi skv. 4. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1987. Þar sé skýrt kveðið á um hvaða sjónarmið skuli gilda við skýringar á tollskránni. Samkvæmt þessu séu tolyfirvöld að lögum bundin við að byggja stjórnvaldsáskvarðanir sínar á þeim sjónarmiðum sem greindar eru í tollskrá og önnur sjónarmið teljast þar af leiðandi ólögæt. Samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrár, sem lögfestar séu, skulu gilda þær reglur að hin nákvæmasta flokkun vara gildi umfram almenna vörulýsingu. Fram komi í 1. tölulið túlkunarreglnanna að í lagalegu tilliti skuli tollflokkun í fyrsta lagi byggð á orðalagi vöruliða, en sé það ekki hægt þá sé vísað til annarra leiðbeiningarreglna. Af þessu má álykta að þegar vara sé nákvæmlega tiltekin í tollflokk eða undirflokk, gildi sú flokkun umfram almenna tilvísun eða aðra óljósa tilvísun. Enn fremur gildir sú skýringarregla að flokkun vara í undirlíði einstakra vöruliða skuli byggð á orðalagi undirlíðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirlíði. Vörur þær sem hér sé deilt um tollflokkun á hafi kærandi flutt inn í rúman áratug í tnr. 8483.9000 og 8483.3000. Samkvæmt áliti ríkistollstjóra var stjórnsýsluframkvæmdinni hins vegar breytt og framangreindar vörur flokkaðar undir tnr. 8708.9900. 84. kafli tollskrárinnar heitir Kjarnakljúfar, katlar, vélbúnaður og vélræn tæki; hlutar til þeirra. Í 1. athugasemd með XVI. flokk tollskrárinnar er tekið fram hvaða vörutegund flokkist ekki þar undir. Þar er tekið fram að vörur sem flokkast undir 87. kafla (í XVII flokki) skuli ekki teljast til þessa flokks, en þá þarf líka klárlega að liggja fyrir að eingöngu sé um að ræða vörur sem tilheyra XVII. flokki og verður ekki séð að það skilyrði sé uppfyllt af hálfu tolyfirvalda í þessu máli eins og nánar er lýst hér á eftir. Ekkert er frekar fjallað í athugasemdum um vöruflokk 8483, en í undirkafla 8483 falla m.a. drifásar (kambásar og sveifarásar) og –sveifar; leghús og ásleg. Leghús eru enn fremur orðrétt tilgreind í kafla 8483.3000 og hlutar eru tilgreindir sem kafla 8483.9000. Þar sem nákvæmasta flokkun vara gildi umfram almenna vörulýsingu er alveg ljóst að leghús ber að flokka undir tnr. 8483.3000. Ætti það að vera óumdeilt. Þá ber með hliðsjón af heiti kafla 84 að flokka drifása í tnr. 8483.9000, enda hægt að nota marga af hinum umþrættu innfluttu drifásur í ýmis tæki. Af framansögðu er ljóst að skýring ríkistollstjóra fær ekki staðist. Samkvæmt

hans skýringu eiga framangreindar vörur að falla undir tnr. 8708.9900, en í undirflokk 8708 falla hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki. Í þeim flokki er hvergi minnst á drifása og leghús. Ber alfarið að hafna þeirri skýringu, enda um vörur að ræða sem tilgreindar eru í heiti undirkafla 8483 tollskrárinnar. Auk þess hefur ekki verið sýnt fram á að hlutirnir séu eingöngu notaðir í vélknúin ökutæki, eins og áður er minnst á. J notar þessa hluti bæði í bifreiðar og önnur ökutæki, s.s. dráttarvélar og lyftara, svo og í annan vélbúnað, s.s. sportbáta, snjóblásara o.fl. Vitað er að sumar vörurnar eru nothæfar fyrir bifreiðar svo og ýmis önnur tæki.

Þá ber að líta til þess að sem "hlutar" og "hlutar og fylgihlutar" skuli ekki teljast tiltekna vörur þótt þær séu "auglýsingalega" fyrir vörur í XVII. flokki. Í e-lið 2. tölul. athugasemda við flokk XVII segir að vörur í nr. 8483 teljist ekki til hluta enda séu þær óaðskiljanlegur hluti vélar eða hreyfils. Samkvæmt þessari skýringarreglu þá geta hlutir í 8483, sem eru aðskiljanlegir, fallið undir flokk XVII enda séu þeir hlutir "auglýsingalega" fyrir vörur í þessum flokki. Eins og áður hefur komið fram þá er hægt að nota þessar vörur til ýmissa nota, og þær eru notaðar bæði fyrir ökutæki og önnur tæki, og því á þessi athugasemd ekki við. Væntanlega af sömu ástæðum hefur fyrirtækjum sem flytja inn sams konar vöru verið heimilt að flytja vörur sínar inn með sama hætti og J hefur gert hingað til. Jafnframt er tiltekið í 3. athugasemd sama flokks að sem "hlutar eða fylgihlutar í 86.-88. kafla teljast ekki hlutar eða fylgihlutar sem ekki eru eingöngu eða aðallega hæfir til nota með vörum í þeim köflum".

Tollyfirvöld hafa ekki sýnt fram á að framangreind sérsjónarmið skuli eiga við, þ.e. í fyrsta lagi að almenna orðalags túlkunin eigi ekki að gilda, og í öðru lagi að ákvæði 87. kafla skuli í þessu tilviki gilda umfram 84. kafla. Sönnunarbyrðin er alfarið á tollyfirvöldum í þessu máli, enda sérstaklega brýnt að hér sé staðið rétt að málum þar sem tollyfirvöld eru að færa áratuga venjubundna tollflokkan á milli tollflokka með þeim afleiðingum að J er gert að greiða mun hærri aðflutningsgjöld en ella og getur það haft verulegar afleiðingar fyrir rekstrarafkomu og samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Auk þeirra túlkunarreglna sem hér hafa verið tilgreindar gilda í stjórnslurétti nokkur almenn skýringarsjónarmið. Meðal þessara sjónarmiða má telja jafnræðisregluna, réttmætar væntingar málsaðila, góða trú hans og réttaröryggi, svo og kurteisi og velvilji í garð málsaðila. Ber að hafa þau í huga þegar túlkuð eru ákvæði tollskrárinnar.

Með athugasemdum ríkistollstjóra var án nokkurs fyrirvara breytt stjórnslu-framkvæmd sem kærandi hafði hlotið í rúman áratug. Slík breyting og hvernig staðið var að henni braut í bága við öll þau almennu sjónarmið sem hér að ofan voru talin og nánar verður komið að síðar.

Þá telur kærandi að jafnræðisregla stjórnsluréttarins sé brotin á umbjóðanda sínum þar sem fyrirtæki sem flytur inn sambærilega vöru fær að flokka umrædda vöru í tnr. 8483. Breytingin hafði mikil áhrif á hagsmuni kæranda og hafði hann ekkert ráðrúm til að bregðast við breytingunni þar sem hún var fyrirvaralaus.

Kærandi vísar til stuðnings kröfum sínum til tollalaga nr. 55/1987, ásamt síðari breytingum, einkum 4. gr. um að ákvarða skuli tollflokkan í samræmi við gildandi tollskrá hverju sinni, til tollskrár, sem samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tollalaga hefur lagagildi hér á landi, sérstaklega til almennra reglna um túlkun tollskrárinnar, sbr. sérstaklega 3. og 6. tl. og til tollskrár, flokk nr. XVI. kafla nr. 84. auk almennra lögskýringarreglna stjórnsluréttar. Þá vísast til jafnræðisreglu 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sem jafnframt nýtur verndar 65. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi á Íslandi skv. lögum nr. 62/1994 og 26 gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi sem Alþingi staðfesti 28. ágúst 1979, sbr. auglýsingu nr. 10/1979. Um kærheimild vísast til 101. gr. tollalaga sem og bráðabirgðakæru, dags. 22. mars 2000.

Ríkistollstjóra var send kærán til umsagnar með bréfi, dags 12. apríl s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 17. maí s.l. kemur fram að ekki sé um endurákvörðun að ræða eins og fram komi í 1. mgr. hins kærða úrskurðar í merkingu 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Innflytjandi telji ákvörðun tollstjóra um tollflokkan vöru vera ranga og fjallar úrskurðurinn um þann ágreining, sbr. 100. gr. tollalaga.

Þá segir að í kærnunni sé bæði leitast við að rökstyðja að niðurstaða tollstjóra um tollflokkan varanna sé röng og enn fremur sé byggt á því að tollyfirvöld hafi brotið jafnræðisreglu á kæranda og þau hafi breytt stjórnsluframkvæmd með ólögum hætti. Hvað varðar tvö síðasttöldu atriðin telur ríkistollstjóri að þau skipti í raun ekki máli fyrir úrlausn þessa máls hjá ríkistollanefnd. Það sé verkefni ríkistollanefndar að taka afstöðu til þess hvort tollstjóri hafi komist að efnislega réttri niðurstöðu um tollflokkan í hinum kærða úrskurði. Það sé almennt verkefni tollstjóra, sem og ríkistollstjóra, að gæta þess að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög. Það liggja ekkert fyrir um að hallað hafi á kæranda að þessu leyti; að brotin hafi verið á honum jafnræðisregla eða aðrar reglur stjórnsluréttar. En jafnvel þó svo komi í ljós, ætti það ekki að skipta máli við úrlausn ágreinings um hvernig eigi að tollflokka tiltekna vöru. Ef einhverjir aðilar hafa ranglega fengið vöru afgreidda undir röngu tollskrárnúmeri, sé það verkefni tollyfirvalda að leiðrétta það, en ekki að tryggja að aðrir aðilar fái einnig að stunda slíka lögleysu.

Hvað varðar þau atriði í kærnunni er lúta að því að ýmis sjónarmið stjórnsluréttar gildi við túlkun tollskrárinnar; s.s. jafnræðisreglan, réttmætar væntingar aðila og góð trú, réttaröryggi, auk kurteisi og velvilji í garð aðila tekur ríkistollstjóri fram að ekkert af þessu skipti máli við tollflokkan vöru, þó svo að þetta séu auðvitað sjónarmið sem almennt eigi að hafa í heiðri í stjórnslu. Við tollflokkan eigi hins vegar eingöngu að taka mið af eðli þeirrar vöru sem á að flokka annars vegar, og texta tollskrárinnar, athugasemdum og almennum reglum um túlkun tollskrárinnar hins vegar. Auk þessa geti upplýsingarit og leiðbeiningar og úrskurðir Alþjóðatollastofnunarinnar haft verulega þýðingu við að finna efnislega rétta niðurstöðu. Þegar vara sé tollflokkuð sé ekki verið að leita að réttlæti eða sanngirni. Tollskráin sé í sjálfu sér hlutlaus gagnvart slíkum dyggðum. Fari tollyfirvöld ekki að lögum í framkvæmd sinni, geti þeir sem hallað er á eignast bótakröfu á hendur ríkinu. Þeir geti hins vegar ekki eignast lögvarinn rétt til að fá ólögum niðurstöðu, t.d. í tollflokkan.

Þá segir í greinargerð ríkistollstjóra: "að við flokkan vöru í tollskrá eigi að fara eftir almennum reglum um túlkun hennar, en þær eru birtar fremst í tollskrá og hafa lagagildi líkt og aðrir hlutar hennar. Ber fyrst og fremst að fara eftir fyrstu reglunni og einungis beita þeim síðari og þá í réttri númeraröð þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglum.

Fyrsta reglan hljóðar svo: „Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkan byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag blaðsíða 2/4

vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum.”

Drifásar, leghús og tengsl eru vissulega nefnd í orðalagi vöruliðar 8483 og ættu því að öllu jöfnu að flokkast í þann vörulið skv. 1. almennu túlkunarreglunni. Við XVI. flokk er hins vegar frávísunarathugasemd 1.1. sem vísar frá flokknum öllum vörum sem flokkast í XVII. flokk skrárinnar, m.a. vörum í vörulið 8708; hlutum og fylgihlutum fyrir vélknúin ökutæki.

Við XVII. flokk skrárinnar er líka frávísunarathugasemd sem vísar frá flokknum ákveðnum hlutum og fylgihlutum þótt þeir séu augsýnilega fyrir vörur í þeim flokki. Meðal annars er þar frávísað (aths. 2. e.) vörum í nr. 8483, enda séu þær óaðskiljanlegur hluti vélar eða hreyfils. (leturbr.ríkistollst). Athugasemd 3 við XVII. flokk takmarkar enn frekar þá hluti og fylgihluti sem teljast til 86.-89. kafla en hún tiltekur að til kaflanna teljist ekki hlutar eða fylgihlutir sem ekki eru eingöngu eða aðallega hæfir til nota með vörum í þeim köflum. Með því að lesa þessar athugasemdir saman er ljóst að hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega eru hæfir til nota með vörum í XVII. flokk og ekki eru óaðskiljanlegur hluti vélar eða hreyfils, skuli flokkast í viðeigandi vörulið XVII. flokks.

Eins og fyrr segir hefur Alþjóðatollastofnunin gefið út skýringabækur með nafnaskránni og er þar að finna nánari túlkun á hinum ýmsu athugasemdum ásamt skýringum við einstaka vöruliði skrárinnar. Á bls. 1437 í umræddu riti má finna frávísunarathugasemd b) við vörulið 8483 sem vísar frá vöruliðnum drifbúnaði þeim sem lýst er þar (gírkösum, drifsköftum, tengslum, mismunadrifum o.s.frv.) en sem er hannaður til nota aðallega eða eingöngu með ökutækjum eða flugvélum; þetta á þó ekki við innri hluta ökutækja- eða flugvélahreyfla. Þannig flokkast kambásar og sveifarásar í vörulið 8483 jafnvel þótt þeir séu sérstaklega fyrir ökutækjahreyfil, en drifsköft, gírkassar og mismunadrif í bíla flokkast í vörulið 8708.

Viðar í skýringunum er einnig áréttað að hlutar sem eru hæfir til nota eingöngu eða aðallega með vörum í XVII. flokki skuli flokkast í viðeigandi vörulið þess flokks en ekki annars staðar. Sjá almennar skýringar (III) við XVII. flokk á bls. 1530 og almennar skýringar við vörulið 8708 á bls. 1552. Til þess að taka af öll tvímæli eru enda fjölmargar slíkar vörur nefndar á bls. 1553 í skýringum við vörulið 8708. Sérstaklega er bent á liði (D), (E), (F) og (I) sem tiltaka sérstaklega þær vörur sem hér eru til umfjöllunar. “

Þá segir að vörur eins og þær sem hér um ræðir séu vissulega notaðar með margs konar vélum og tækjum. Þær eru hins vegar smíðaðar eftir mjög stífu máli og í margbreytilegum myndum eftir því til hvaða vara þær eru ætlaðar. Oftast eru þetta sjálfstæðir framleiðendur sem smíða þessar vörur eftir pöntun fyrir bílaframleiðendur og aðra, og selja þessar vörur á svokölluðum eftirmarkaði. Til þess að kaupendur geti áttað sig á því í hvaða vélar eða tæki tilteknar vörur passi séu gefin út uppflettirit með upplýsingum um stærðir, útlit, festingar o.s.frv., svo og til hvaða véla eða tækja þær eru ætlaðar. Þær vörur sem hér eru til umfjöllunar eru allar notaðar til viðgerða og breytinga á drifbúnaði ökutækja og eru allar hannaðar og smíðaðar með það í huga eins og sjá má m.a. í meðfylgjandi ljósritum yfir varahluti sem passa í t.d. Ford, Chrysler, Chevrolet/GMC og afturöxla fyrir Wrangler og Cherokee. Kærandi beri ekki á móti því í kærinni og hvergi sé á það minnst að þessar tilteknu vörur séu ætlaðar í annað en ökutæki. Sérstaklega er tekið þar fram að fyrirtækið sérhæfi sig í breytingum á jeppum en sinni öðrum tilfallandi verkefnum þegar til þess er leitað.

Þá er það áréttað að vöruliður 8708 taki til hluta og fylgihluta fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701-8705 en ekki bara til jeppa eða fólksbíla. Vöruliðurinn nái yfir hluti í dráttarvélar og dráttarbíla, rútur, fólksbíla, jeppa, fjórhjól, þríhjól, golfbíla og vöruflutningabíla auk ökutækja til sérstakra nota s.s. kranabíla og gálgabíla.

Með vísan í ofanritað og forsendur hins kærða úrskurðar krefst ríkistollstjóri þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kröfugerð ríkistollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 18. maí s.l. Svar barst nefndinni þann 14. júní s.l. Þar mótmælir kærandi því að tollstjóri geti hvenær sem honum henti breytt fyrri stjórnsýsluákvörðunum sínum um tollflokkun vara án þess að gæta almennra stjórnsýslureglna þar um. Slíka heimild sé hvergi að finna í íslenskri löggjöf og hafi ríkistollstjóri ekki getað bent á slíkar undantekningarreglur. Breyti tollstjóri þannig frá ítrekaðri stjórnsýsluframkvæmd þá beri honum við slíkar aðgerðir að fara í einu og öllu eftir stjórnsýslulögum þegar það sé gert, enda sé hann ekki sérstaklega undanskilinn þeirri skyldu sinni. Skiptir þá ekki máli hvort hann sé að breyta fyrri túlkunum við tollflokkun vara eða öðrum ákvörðunum sínum. Á þetta sérstaklega við þegar verið er að breyta út frá áralangri framkvæmd með íþyngjandi hætti fyrir gjaldanda.

Í öðru lagi er á það bent að erlendar tollskrár og erlendar leiðbeiningar um túlkanir á erlendum tollskráum hafa ekki lagagildi hér á landi. Þó okkar tollskrá sé byggð upp á sambærilegan hátt þá geti umrædd gögn í besta falli verið til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld en þau geta alls ekki talist vera fullnægjandi lögskýringargögn við túlkun á íslenskum lögum og reglum.

Þá er það ítrekað að umræddar vörur séu notaðar bæði í vélknúin ökutæki og ýmsar landbúnaðarvélar og tæki sem ekki teljast vélknúin ökutæki og flokkast því ekki undir vörulið 8708 í tollskránni. Það sé ekki hægt að ákvarða við innflutning til hvaða nota þessir hlutir séu notaðir. Ríkistollstjóri tiltaki að vörurnar séu notaðar í tilteknar fólksbifreiðar og leggur fram ljósrit af varahlutaskráum yfir þær. Með þessu hefur hann eingöngu sýnt fram á að vörurnar séu í það minnsta notaðar í tilteknar gerðir bifreiða. Það útiloki alls ekki að umræddar vörur séu notaðar í aðrar vélar með alveg sama hætti. Framlagning gagna með þessum hætti sé því í besta falli villandi.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um þetta mál og farið yfir gögn sem hafa borist frá málsaðilum. Í máli þessu er ágreiningur um tollflokkun á drifásum og leghúsum. Tollstjóri úrskurðar að vörurnar skuli tollflokkast í tnr. 8708.9900, eftir að honum höfðu borist athugasemdir frá embætti ríkistollstjóra. Kærandi heldur því fram að vörurnar eigi ýmist að tollflokkast í tollskrárnúmer 8483 3000 eða 8483 9000. Að mati kæranda byggir túlkun ríkistollstjóra á tollskrá á ólögætum sjónarmiðum. Tollskrá hafi lagagildi skv. 4. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1987. Þar sé skýrt kveðið á um hvaða sjónarmið skuli gilda við skýringar á tollskránni. Þá telur kærandi ríkistollstjóra skorta heimild til að breyta einhliða áralangri tollflokkun vöru. Enn fremur telur kærandi að ekki sé samræmi í hinni breyttu tollflokkun hjá honum og samkeppnisaðilum.

Nefndarmenn benda á að skv. 2. mgr. 32. gr. tollalaga ber ríkistollstjóra að sjá til þess að samræmis sé gætt við tollflokkun vöru. Fullyrðingar kæranda um ósamræmi í tollflokkun eru ekki studdar neinum gögnum.

Ríkistollanefnd tekur fram að skv. tollalögum er tollyfirvöldum ekki einungis heimilt, heldur skylt að sjá til þess að vörur sem fluttar eru til landsins séu flokkaðar í réttan tollflokk skv. tollskrá. Það er og grundvallarregla skv. 16. gr. tollalaga að með undirskrift sinni á tollskýrslu ber innflytjandi ábyrgð á því að vara sé rétt tollflokkuð. Innflytjandi getur tryggt sig fyrir því að tollflokkun vöru sé ekki breytt fyrirvaralaust af tollyfirvöldum með því að óska eftir því skriflega við tollstjóra að fá bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru, sbr. 142. gr. tollskrár. Ekki verður séð að innflytjandi hafi tryggt sig með þessum hætti. Tollyfirvöld höfðu því heimild til að breyta tollflokkun vörunnar án fyrirvara.

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja ákveðnum reglum, þ.e. “Almennum reglum um túlkun tollskrár”. Reglurnar eru sex og skal fara eftir fyrstu reglunni og beita þeim síðari og þá í rétttri númeraröð þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglum. Fyrsta reglan er svohljóðandi “*Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:.....*” Þá eru leiðbeiningar og úrskurðir Alþjóðatollastofnunarinnar hafðir til leiðbeiningar þó svo að slík gögn hafi ekki lagagildi hér á landi.

Eins og fram kemur í rökstuðningi tollstjóra og kröfugerð ríkistollstjóra eru drifásar, leghús og tengsl nefnd í orðalagi vöruliðar 8483 og ættu því að öllu jöfnu að flokkast í þann vörulið skv. 1. almennu túlkunarreglunni. Við XVI. flokk er hins vegar frávísunarathugasemd 1.1. sem vísar frá flokknum öllum vörum sem flokkast í XVII. flokk tollskrár, m.a. vörum í vörulið 8708; hlutum og fylgihlutum fyrir vélknúin ökutæki. Að mati nefndarmanna hefur verið sýnt fram á að vörur þær sem hér er deilt um tollflokkun á eru ætlaðar sem varahlutir í bifreiðar og framleiðandi þeirra merkir þær númerum sem í vörulista hans vísa til ákveðinna bifreiðategunda. Með vísan til framanritaðs kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er hinn kærði úrskurður tollstjóra staðfestur.